



## Aðalfundur Landssambands fiskeldisstöðva, 31. maí 2007, haldinn í kaffistofu Íslandsbleikju á Stað við Grindavík kl. 14:10

Jón Kjartan Jónsson formaður Landssamband fiskeldisstöðva bauð fundamenn velkomna. Hann setti fundinn og bar upp þá tillögu að hann stjórnaði fundi og að Guðbergur Rúnarsson ritaði fundargerð. Tillagan var samþykkt einróma.

Fundastjóri staðfesti að mættir væru fulltrúar fyrir 74,5% í félaginu og að boðað hefði verið til fundarins samkvæmt lögum félagsins. Fundastjóri lýsti fundinn löglegan og hóf fundastörf samkvæmt dagskrá.

### 1. Skýrsla stjórnar og ræða Jóns Kjartans Jónssonar formanns LF

Frá síðasta aðalfundi hafa fréttir frá fiskeldi verið heldur dökkar.

Í september s.l. varð mikið tjón hjá Sæsilfri í Mjóafirði er marglyttur komust inn í laxeldiskvíar hjá fiskeldisstöðinni. Tæpum 1000 tonnum af laxi í 14 kvíum var slátrað á tíu dögum. Tjónið var mikið enda hafði laxinn ekki náð fullri stærð. Þetta er verulegt áfall sem hafði mikil áhrif á áframhaldandi áform í Mjóafirði.

Í janúar 2007 birtust fréttir um að allur fiskur eða um 20 tonn af þorski hefði drepist hjá þorskeldi Guðmundar Runólfssonar í Grundafirði. Súrefnisstig sjávar mældist undir hættumörkum sem talin var afleiðing af mikilli sildargöngu sem hafðist við í firðinum. Fyrirtækið ákvað að hætta tilrauneldi á þorski í Grundafirði.

Í mars s.l. bárust þær fréttir að laxeldi í Berufirði yrði hætt. Þess í stað hyggst Salar Islandica einbeita sér að tilrauneldi á þorski. Með þessu er ljóst að laxeldi í fullum skala verður ekki á Íslandi á næstu árum.

Þessi frekar dökka mynd sem hér hefur verið dregin upp gildir ekki fyrir allt eldi. Tilrauneldi á þorski gengur vel og er að festast í sessi. Gríðarleg framleiðsluaukning er á bleikju milli ára og eru miklar vonir bundnar við þá tegund. Lúðueldi er að styrkjast aftur eftir lægð á síðasta ári þegar lúðueldi í Þorlákshöfn var hætt. Eldi á sandhverfu er að eflast í Öxarfirði. Aldrei áður hefur verið slátrað jafnmiklu af eldisfiski eða um 10.000 tonn á árinu 2006.

Á starfsárinu komu tvö lagafrumvörp til umsagnar hjá félaginu.

Hið fyrra var frumvarp til breytingar á lögum um búnaðarfræðslu, nr. 57/1999, 189. mál.

Helsta athugasemd LF við frumvarpið var að ekki er gert ráð fyrir að LF tilnefni mann í háskólaráð Háskólans á Hólum. Framkvæmdastjóri félagsins var kallaður í kjölfarið fyrir landbúnaðarnefnd þar sem færð voru rök fyrir því að LF tilnefndi mann í háskólaráð og var m.a. vísað til þess að Félag tamningamanna hefðu fulltrúa í ráðinu. Formaður landbúnaðarnefndar, Drífa Hjartadóttir taldi ekki ráðlegat að fjölga í háskólaráðinu en sagðist myndi beina því til landbúnaðarráðuneytis að tilnefna fulltrúa LF í háskólaráð Háskólans á Hólum.

Síðara frumvarpið var frumvarp til laga um vatnafiska, 595. mál, þingskjal nr. 879.

LF gerði ýmsar almennar athugasemdir við frumvarpið, sérstaklega um ýmis viðbótarákvæði umfram umhverfismat, t.d. viðbótarskilyrði um vistfræði og auknar kröfur um rannsóknir á kostnað umsækjenda og við heftandi lagagreinar sem hafa neikvæð áhrif á stöðu greinarinnar og skapa óvissu um útgáfu nýrra leyfa til fiskeldis.

Samkvæmt bréfi ráðuneytisins, dagssettu 21. september s.l. leitar landbúnaðarráðuneytið eftir því að Landssambands fiskeldisstöðva tilnefni einn mann í samráðsnefnd samkvæmt 1. kafla bráðabirgðaákvæðis laga nr. 61/2006. LF tilnefndi Guðberg Rúnarsson félagsins í nefndina.

Eins og kom fram í síðustu árskýrslu LF fyrir starfsárin 2004 og 2005 beitti félagið sér til að ná ásættanlegri niðurstöðu um raforkumál með fundum með ráðuneytum, stofnunum og raforkufyrirtækjum. Niðurstaða þessara viðræðna var að Landsvirkjun veitti nokkrum fyrirtækum einhliða afslátt á raforku til þriggja ára sem rennur út í lok ársins 2007. Einnig sendi LF landbúnaðarráðherra bréf þar sem félagið óskaði eftir því að hann beitti sér fyrir því, að



## Landssamband fiskeldisstöðva

rekstrarforsendur og samkeppnisstaða fiskeldisfyrirtækja versnaði ekki til mikilla muna frá því sem nú væri.

Með fréttatilkynningu 18. apríl 2006 tilkynnti ríkisstjórnin eftirfarandi um raforkumál:

„Ríkisstjórnin mun leita leiða og vinna að því að sambærilegt raforkuverð gildi fyrir stærstu fiskeldisfyrirtækin eftir að núverandi samkomuleg fyrirtækjanna og Landsvirkjunar rennur út. Ríkisstjórnin leggur með því áherslu á að fiskeldisfyrirtækin búi áfram við sömu kjör og nú gilda”.

Á þessu starfsári hefur félagið staðið í bréfaskriftum raforkumál til iðnaðarráðherra, fjármálaráðherra og forstjóra Landsvirkjunar til að minna á fyrirheitið frá 18. apríl 2006. Þessari vinnu mun félagið halda áfram með nýrri ríkisstjórn en ljóst er að við þessu er enn daufheyrst.

Aðalfundur félagsins fyrir starfsárið 2005 var haldinn í Borgartúni 35, 23. maí 2006. Í tengslum við aðalfundinn stóð LF fyrir fiskeldisráðstefnu í samstarfi við ýmsa aðila og sóttu rúmlega 30 manns ráðstefnuna.

Engir nýir aðildarfélagar bættust í félagið á starfsárinu. Félögum í LF fækkaði um einn á milli ára. Atkvæðafjöldi á aðalfundi fyrir starfsárið 2005 var 52 en er nú 51.

Félagið er aðili að tveimur alþjóðlegum félögum, ISFA og FEAP. Nokkrar umræður voru á árinu 2005 um þátttöku LF í þessum félögum, enda er kostnaður nokkur. Niðurstaða náðist í málinu og samþykkti stjórn Landssambandsins áframhaldandi þátttöku vegna þeirra hagsmunagæslu sem þar fer fram við Evrópusambandið og umhverfi fiskeldis í heiminum. Nú eru breyttar aðstæður í íslensku laxeldi og laxeldi mun minnka verulega frá því sem verið hefur. ISFA (International Salmon Farmers Association) er félag laxeldismanna. Með minni framleiðslu laxi hér á landi er aðild LF að ISFA aftur komin á dagskrá.

Á aðalfundi Staðlaráðs Íslands, sem haldinn er í dag, verður borin upp tillaga um stofnun Fagstaðlaráðs í fiskimálum. LF hefur tekið virkan þátt með öðrum hagsmunafélögum við að undirbúa stofnun slíks fagstaðlaráðs og hefur sótt um aðild að því. Félögum í LF hefur verið sent upplýsingar um aðdraganda málsins og boðið að gerast aðili að fagstaðlaráðinu.

### **Markaðsátak fyrir bleikju**

Félagið stóð að kynningu á bleikju á sjávarútvegssýningunni í Brussel, 9. til 11. maí 2006 í samstarfi við sölufyrirtækið Menju ehf. og Samherja hf. Styrkur fékkst frá AVS rannsóknasjóði og Framleiðslusjóð landbúnaðarins til að standa undir hluta kostnaðar við sýninguna.

Í samstarfi við Faghóp AVS um fiskeldi og Hólaskóla var LF þátttakandi í bleikjuráðstefnu 27. október 2006. Ráðstefnan var vel sótt og rúmlega 100 fiskeldismenn og gestir mættu á ráðstefnuna um framtíðarsýn og stefnumótun í íslensku bleikjueldi sem haldin var á Hótel Loftleiðum, föstudaginn 27. október 2006.

Félagið fékk Kristján Hjaltason sérfræðing um markaðsmál í sjávarútvegi að taka saman skýrslu um tillögur vegna markaðsátaks í sölu á bleikju 2007 til 2009. AVS rannsóknasjóður styrkti verkefnið.

Þá hóf félagið í samstarfi við Menju, Samherja, Landbúnaðarráðuneytið og Íslandsbleiku markaðsátak fyrir bleikju 2007 – 2009. Markmið verkefnisins er að stækka erlenda bleikjumarkaði í takt við aukna framleiðslu hér á landi á næstu árum og hugsanlega erlenda samkeppni í náinni framtíð. Koma í veg fyrir verðfall á bleikju vegna aukinnar framleiðslu og framboðs á bleikju. Verkefnið er styrkt af Framleiðnisjóð landbúnaðarins og AVS rannsóknasjóði.

Verkefnið er hafið og fóru aðstendur þess á sjávarútvegssýninguna í Boston í febrúar s.l. og á sjávarútvegssýninguna í Brussel í apríl s.l.

Finnbogi Jónsson formaður LF tók við stöðu framkvæmdastjóra hjá Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins um miðjan september 2006 og hætti samhliða formensku hjá félaginu. Finnbogi tók við formennsku í félaginu af Vigfúsi Jóhannssyni í apríl árið 2004. Landssamband fiskeldisstöðva þakka Finnboga fyrir vel unnin störf og óska honum alls velfarnaðar á nýjum vettvangi. Við formensku félagsins tók Jón Kjartan Jónsson.

**Eldið - Slátrun á eldisfiski í tonnum, heill óslægður fiskur** *Round fish*

|                               | Áætlun       |              |              |              |              |              |              |              |              |              |
|-------------------------------|--------------|--------------|--------------|--------------|--------------|--------------|--------------|--------------|--------------|--------------|
|                               | 2007         | 2006         | 2005         | 2004         | 2003         | 2002         | 2001         | 2000         | 1999         | 1998         |
| Lax <i>Atlantic Salmon</i>    | 1742         | 6895         | 6094         | 6620         | 3700         | 1471         | 2645         | 3370         | 3003         | 2742         |
| Bleikja <i>Arctic Charr</i>   | 3340         | 1426         | 977          | 1336         | 1670         | 1540         | 1320         | 1364         | 850          | 731          |
| Regnbogi <i>Rainbow Trout</i> | 9            | 10           | 50           | 142          | 180          | 248          | 105          | 95           | 70           | 372          |
| Lúða <i>Halibut</i>           | 100          | 141          | 134          | 134          | 95           | 120          | 93           | 30           | 13           | 10           |
| Sandhverfa <i>Turbot</i>      | 150          | 46           | 115          | 85           | 32           | 9            | 3            | 0            | 0            | 0            |
| Porskur <i>Cod</i>            | 1450         | 1410         | 1050         | 600          | 390          | 205          | 70           | 11           | 0            | 0            |
| <b>Samtals Total</b>          | <b>6.791</b> | <b>9.928</b> | <b>8.420</b> | <b>8.917</b> | <b>6.067</b> | <b>3.593</b> | <b>4.236</b> | <b>4.870</b> | <b>3.936</b> | <b>3.855</b> |
| Breyting frá fyrra ári        | -32%         | 18%          | -6%          | 47%          | 69%          | -15%         | -13%         | 24%          | 2%           | -            |

Ljóst er að samfelldur uppgangstími síðustu ára sem einkenndist af hröðum vexti er liðinn. Hann var borinn upp af mikilli aukningu í laxeldi en aðrar greinar voru nokkuð stöðugar.

Í dag er fiskeldið á Íslandi að fara inn í nýjan tíma þar sem reynt verður til þrautar að koma á öflugum rekstri á í landeldisstöðvum. Með því skapast möguleiki á að byggja áfram á þeim vísi sem hér hefur verið að þróast og byggjast upp undanfarin ár. Vonandi tekst okkur það verkefni og ef horft er t.d. til bleikjunnar er mjög margt jákvætt að gerast í þeim geira, bæði varðandi framleiðslu og sölu.

Að lokum sagði formaður LF: „Ég vil að lokum segja, að það eru þeir sem starfa í iðnaðinum sem bera uppi ímynd hans og þess vegna þurfum við sjálf að vera stolt og ánægð með það sem við erum að gera og vita hvert við stefnum til að geta hrifið aðra með okkur. Án okkar er enginn árangur og enginn iðnaður”.

**2. Reikningar félagsins**

Framkvæmdastjóri LF kynnti ársreikning félagsins fyrir árið 2006 sem var endurskoðaður af Jóhanni Pétri Andersen án athugasemda.

Rekstrartekjur fyrir árið 2006 voru 6.468.474 en voru 4.185.003 fyrir árið 2005.

Rekstrargjöld fyrir árið 2006 nam 5.358.644 á móti 3.689.010 fyrir 2005.

Fjármagnstekjur árið 2006 námu 120.912 en voru 44.771 fyrir árið 2005.

Niðurstaða efnahagsreiknings 31.12. 2006 var 2.672.131, þar af var eigið fé 2.067.462.

Farið var yfir einstaka liði ársreikning fyrir árið 2006, hann borinn upp til samþykktar og var hann samþykktur einróma.

**3. Fjárhagsáætlun fyrir árið 2007.****Tekjur:**

Álögð félagsgjöld 2005: 3.825.000

**Gjöld:**

Rekstrarsamningur við SF: (1) 3.300.000

Erlend félagsgjöld (ISFA og FEAP): 480.000

Sérfræðiaðstoð: 60.000

Fundir, ráðstefnur og ferðalög: 60.000

Annað: 75.000

Samtals gjöld: 3.975.000

Tap (-): -150.000

**4. Árgjald**

Tillaga kom fram um að árgjald félagsins væri óbreytt frá fyrra ári, 75.000 fyrir hvert atkvæði og 37.500 fyrir aukaaðild. Tillagan var samþykkt án mótatkvæða.



## Landssamband fiskeldisstöðva

### 5. Kosning formanns, stjórnar, varastjórnar og endurskoðenda

Fram kom ein tillaga um formann, stjórn og varamenn. Hún samþykkt einróma.

#### Stjórn LF skipa.

Formaður stjórnar: Jón Kjartan Jónsson

Meðstjórnendur: Jónas Jónasson, Arnar Freyr Jónsson, Jóhann Geirsson og Benedikt Kristjánsson.

Varastjórn: Gunnar Steinn Gunnarsson, Hlífur Karlsson og Birgir Þórisson

#### Kjör endurskoðenda

Formaður bar upp tillögu um endurskoðendur, þá Jóhann Pétur Andersen og Braga Bergsveinsson og tillagan var samþykkt.

### 6. Ákvörðun um laun stjórnar og endurskoðenda

Samþykkt var að stjórn verði án launa en kostnaður vegna endurskoðunar verði samkvæmt reikningi.

7. Önnur mál voru engin og þakkaði fundarstjóri fundarmönnum fyrir góðan fund og gott samstarfið á árinu og sleit fundi.

Fleira var ekki gert. Aðalfundi lauk kl. 14:40  
Reykjavík, 31. maí 2007

Guðbergur Rúnarsson framkv.st. LF

Jón Kjartan Jónsson formaður

Benedikt Kristjánsson

Arnar Freyr Jónsson

Jónas Jónasson

Jóhann Geirsson